

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2016  
*Tilvísun: HII6090133/0.3*

**Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um kjararáð. Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016. Þingskjal 1668 — 871. mál.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að lög um kjararáð nr. 47/2006 verði felld úr gildi og ný lög taki við af þeim með breyttu fyrirkomulagi varðandi ákvarðanir um laun embættismanna, forstöðumanna og annarra þeirra sem falla undir úrskurðarvald kjararáðs. Fram kemur í inngangi athugasemda með frumvarpinu að markmið þess sé annars vegar að fjölga þeim aftur sem taka laun samkvæmt samningum á hefðbundinn hátt og hins vegar að þeir sem ekki geta samið um laun á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna hafi meiri aðkomu að málum þegar ákvarðanir eru teknar um laun og starfskjör þeirra en nú. Þá kemur fram í 1. gr. frumvarpsins að verkefni kjararáðs sé að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, sak-sóknara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og þeirra skrifstofustjóra sem heyra undir ráðherra sem fer með starfsmannamál ríkisins og fara með fyrirsvar fyrir hönd ráðherra við gerð kjara-samninga, seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra og ríkissáttasemjara. Samkvæmt gildandi lögum ákveður kjararáð laun og starfskjör þeirra forstöðumanna ríkisstofnana sem settir eru á lista yfir forstöðumenn sem birtur er í janúar ár hvert, sbr. 22. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996, en á þessum lista er rektor Háskóla Íslands.

Af hálfu Háskóla Íslands er ekki gerð athugasemd við það markmið frumvarpsins að fjölga þeim sem taka laun samkvæmt samningum á hefðbundinn hátt og að þeir sem ekki geta samið um laun vegna eðlis starfa hafi meiri aðkomu að málum þegar ákvarðanir eru teknar um laun og starfskjör. Hins vegar bendir háskólinn á að starf forstöðumanna sem nú falla undir úrskurðarvald kjararáðs er mismunandi og huga þarf sérstaklega að hlutverki, umfangi og skyldum þess sem fer með forstöðu stofnunar þegar ákveðið er hvort viðkomandi embætti eigi að falla undir úrskurðarvald kjararáðs.


Háskóli Íslands er ekki einungis ædsta menntastofnun þjóðarinnar heldur einnig sú fjölmennasta. Yfir 13000 nemendur stunda nám við háskólann og yfir 3000 brautskrást á hverju ári frá honum. Fjöldi starfsfólks er yfir 1500. Háskólinn er sjálfstæð opinber menntastofnun þar sem rektor er ædsti yfirmaðurinn, skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu háskólaráðs að undangegnu vali starfsmanna og nemenda í kosningum innan skólans. Þar sem stofnunin er sjálfstæð lýtur hún hvorki stjórnunar- né eftirlitsheimildum ráðherra varðandi málsmeðferð og ákvarðanir hennar auk þess sem ráðherra hefur ekki annað eftirlit með störfum stofnunarinnar en leiðir beint af fyrirmælum laga. Rektor er formaður háskólaráðs, yfirmaður stjórnýslu háskólans, ædsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra skóla [fræðasviða] og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Rektor

ræður forseta fyrir hvern skóla [fræðasvið] og setur þeim erindisbréf og sömuleiðis starfsfólk sameiginlegrar stjórnarsýslu og setur því erindisbréf eða starfslýsingar. Samkvæmt framangreindu er það rektor sem ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og skólastarfinu sem slíku þar sem einn stærsti þátturinn er að tryggja gæði náms og fjármögnun þess, en rektor kemur fram fyrir hönd skólans varðandi fjármál hans. Í því felst m.a. að gera athugasemdir við tillögur fjármálaráðherra um fjármögnun og berjast fyrir auknu fjármagni til skólans, en háskólinn fékk á síðasta ári yfir 13 milljarða króna af fjárlögum og aflaði um sex milljarða í sjálfsaflafé.

Vegna eðlis starfs háskólarektors, sem æðsta yfirmanns og ábyrgðaraðila sjálfstæðrar stofnunar, er þannig mikilvægt að tryggja að laun hans og starfskjör ráðist ekki með samningum á hefðbundinn hátt þar sem samningsaðilinn er sá sami og fer með fjárveitingarvald gagnvart skólanum. Í ljósi þeirra fjármuna sem um ræðir er mikilvægt að skil séu þarna á milli. Þess vegna er eindregið hvatt til þess að kjararáði verði áfram falið að ákvarða laun og starfskjör rektors Háskóla Íslands.

Virðingarfyllt,  
f.h. Háskóla Íslands,

  
Guðmundur R. Jónsson  
framkvæmdastjóri

  
Þórunn Kristinsson  
sviðsstjóri kennslusviðs